

Flipped-Class Pedagogy Enhances Student Metacognition and Collaborative-Learning Strategies in Higher Education But Effect Does Not Persist

Rannsókn var gerð af van Vliet, Winnips og Brouwer (2015) í Hollandi á vandinámi í grunnámi í Háskóla og notuðu til þess staðlaðar aðferðir sem átti að að mæla árangur og áhuga þeirra nemenda sem tóku þátt í rannsókninni. Þeir skoðuðu áhrif vandináms á áhugahvöt og námsaðferðir í grunnámi háskóla með því að nota staðlaðar spurningar fyrir og eftir vandinám. Rannsóknin átti að svara því hvort að áhugi ykist og námsaðferðir bötnuðu með notkun vandináms og ef svo væri hvort að þeirra áhrifa gætti ennþá eftir að nemendurnir væru hættir í vandinámi.

Þeir nemendur sem tóku þátt í rannsókninni voru grunnemar í fullu námi, 170 talsins. Fylgst var með þeim eftir námskeiðið en sömu nemendur sátu tíma í hefðbundnum námskeiðum og námskeiðum þar sem að notaðar voru aðferðir vandináms. Á grundvelli staðlaðra aðferða með viðurkenndum spurningastöðlum sem kölluðust MSQ spurningar og stendur fyrir Motivated Strategies for Learning Questionnaire var árangur vandináms skoðaður. Nemendur svöruðu MSLQ I og III í byrjun námskeiðsins og MSLQ II og IV eftir námskeiðið. Til þess að athuga hvernig staðan var eftir að nemendur hættu í vandinámi svöruðu þeir

MSLQ V fimm mánuðum eftir að þeir luku vandinámi. Niðurstöður sýndu að í vandinámi jókst gagnrýnin hugsun, verkefnavinna og samvinna hjá nemendum. Hins vegar var ekki að sjá að áhrifin væru til staðar hjá nemendum nokkrum mánuðum eftir að þau höfðu verið í vandinámi og voru komin í hefðbundin námskeið. Því mæla rannsakendur með því endurtekinni notkun vandináms hafa jákvæð áhrif á námsgetu nemenda.

Rannsóknin :<http://www.lifescied.org/content/14/3/ar26.full>